

Komið þið sæl

Ég heiti Kristín, er kennari í Þjórsárskóla við Árnes.

Góð lestrarfærni er undirstaða alls náms en nemendur eru mismunandi, bæði að upplagi og þroska og því gengur lestrarþróunin mishratt fyrir sig. Mikilvægt er að börn verði læs sem fyrst á skólagöngunni og það sé stutt við lestrarþróun nemenda á sem fjölbreyttastan hátt. Til þess að ná góðum árangri í lestri er samvinna heimilis og skóla mjög mikilvæg og börn þurfa að lesa sem oftast heima, líka í fríum.

Síðustu sjö sumur hef ég verið með átaksverkefni í lestri í skólanum okkar þar sem markmiðið er að auka lestrarfærni og lestrargleði barna með því að hvetja þau til þess að lesa sem oftast heima um sumarið. Foreldrar kvitta fyrir lesturinn í sérstakt sumarlestrarhefti og börnin fá síðan viðurkenningu um haustið fyrir að vera dugleg að lesa í fríinu. Þátttakan hefur verið mjög góð og t.d. síðasta sumar yfir 90%. Þeir sem lásu reglulega yfir sumarið bættu töluvert við þá færni sem þeir voru búnir að byggja upp um veturinn.

Þá er gaman að segja frá því að sumarlestur er orðinn eitt af einkennum Þjórsárskóla og aðrir skólar á landinu hafa leitað til okkar eftir hugmyndum og fengið aðstoð með að koma sumarlestri af stað í þeirra skólum.

Nú langar mig að halda þessu sumarlestrarverkefni áfram og þess vegna er ég að leita til ykkar eftir styrk. Gaman væri t.d. að færa nemendum bók og stuttermabol með nafni skólans. Óska ég því eftir 100.000 kr. styrk til þess að kaupa stuttermabol og bók fyrir hvern nemanda sem tekur þátt.



Með fyrirfram þökk

Kristín Gísladóttir

Þjórsárskóli

801 Selfoss

kristin@thjorsarskoli.is

Gsm: 846-5422